

# **11. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 25. mars 2019 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraði Lyngási 12 og í gegnum fjarfundarbúnað.**

## **Fundurinn hófst kl. 15:00.**

Björn Ingimarsson, Steinar Þorsteinsson, Anna Alexandersdóttir, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Þorbjörg Sandholt, Gauti Jóhannesson, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Elvar Snær Kristjánsson (fjarfundabúnaður)

Einnig Róbert Ragnarsson (fjarfundabúnaður) og Páll Björgvin Guðmundsson frá RR-ráðgjöf sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

### **2. Kynning og almannatengsl.**

Yfirferð á auglýsingum vegna íbúafunda en þær birtast m.a. í Dagskránni, Austurfrett.is, Austurglugganum sem og á miðlum og heimasíðum sveitarfélaganna. Viðtöl við Björn og Aðalheiði á RÚV og N4 eru væntanleg í birtingu.

### **3. Starfshópar.**

Ákveðið að vinna minnisblöð starfshópa sem sett verða á vefinn, svausturland.is. Ákveðið að ráðgjafi ásamt heimamönnum vinni frekar með viðhalds- og fjárfestingaáætlanir á stöðunum í sömu viku og íbúafundir fara fram.

### **4. Skipulag íbúafunda**

Íbúafundir verða haldnir 1. – 4 apríl n.k í hverju sveitarfélagi sem að sameiningaviðræðunum koma. Farið yfir skipulag og fyrirkomulag fundanna.

### **5. Fundir samstarfsnefndar**

Boðað verður til næsta fundar samstarfsnefndar á bæjarskrifstofu Fljótsdalshérað 8. apríl frá 14-17.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl:16:50.

Páll Björgvin Guðmundsson og Róbert Ragnarsson rita fundargerð.